



Fundargerð stjórnar

6. fundur

Fimmtudaginn 25. janúar 2007 var símafundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins og hófst fundur kl 10.45. Á símafundinum voru stjórnarmennirnir: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Fundurinn var óformlegur og boðaður til að fjalla um eftirfarandi málefni.

1. Svæðisáætlun um eyðingu sorps.

Svæðisáætlun sem til umfjöllunar var á síðasta fundi hafði verið leiðrétt skv. óskum stjórnarmanna. Samþykkt að senda tækni- og umhverfiseildum skýrsluna til yfirferðar og athugasemda en ákveðið að leggja hana síðan fram á ársfundi byggðasamlagsins sem stefnt er að í marsmánuði.

2. Mat á valkostum og möguleikum.

Fundarmenn höfðu fengið sent tölvubréf frá Línuhönnun sem þar sem kom fram mat á tíma og kostnaði við að meta stöðu sveitarfélaganna miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Vísað var til Tillögu að matsáætlun fyrir sorpförgun og Svæðisáætlun 2007-2020.

Línuhönnun hafði gert áætlun um kostnað við eftirtalda verkþætti.

1. Lagt mat á tímaáætlun við opnun nýs urðunarstaðar.
2. Lagt mat á valkosti í tillögu að matsáætlun fyrir urðun og gera gróft kostnaðarmat á opnun sameiginlegs urðunarstaðar.
3. Meta þann kost að nota einhvern af núverandi urðunarstöðum í stað nýs t.d. við Skagaströnd.
4. Meta hvort heppilegt og hagkvæmt sé að nýta t.d. urðunarstað við Skagaströnd að því gefnu að dregið sé að mestu úr urðun sláturúrgangs og meta hve lengi hann gæti enst ef hann er möglulegur kostur.
5. Meta hvort leyfi fáist til að auka urðun t.d. á urðunarstað við Skagaströnd tímabundið að því gefnu að ekki sé urðaður sláturúrgangur.
6. Meta með tilliti til fyrirbyggjandi skýrslna þörf sveitarfélaganna fyrir fullkominn framtíðar urðunarastað sem stæðist öll skilyrði.
7. Kostnaðarreikna förgun kr/kg/íbúa fyrir þá kosti sem fram eru settir fyrir urðunarstaði.

Verkinu yrði lokið í 8 viku 2007 og yrði skilað í stuttri skýrslu.

Áætlaður kostnaður vegna fyrrgreindra verkþátta var metin á 1.421.670 kr.

Stjórnarmenn ræddu málið og lögðu mat á hvort verkþættirnir væru allir nauðsynlegir til að byggðasamlagið og þau sveitarfélög sem að því standa gætu tekið ákvarðanir um næstu skref í málaflokknum. Stjórnin var sammála um að svo væri en ástæða væri til að draga úr kostnaði með því að gera fremur gróft kostnaðarmat og miða úttektina einungis við að skýra helstu línur og valkosti í stöðunni. Með því taldi stjórnin að ná mætti kostnaði niður að einhverju marki.

Magnúsi var falið að ræða við Gunnar Svavarsson hjá Línuhönnun og óska eftir að verkið yrði framkvæmt í ljósi umfjöllunar á fundinum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 11.30

Bjarni Maronsson

Gunnar Bragi Sveinsson

Magnús B. Jónsson